

Priðjudaginn 27. desember 1983.
 Nr. 234/1983. **Ákærvaldið**
 gegn
Gunnari Lunddal Friðrikssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1983, sem barst Hæstarétti 22. s. m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur verulega.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1983.

Ár 1983, miðvikudaginn 21. des., var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Síðastliðna nótt var handtekinn hér í borg Hörður Gunnar Ingólfsson, og fannst í fórum hans verulegt magn af hassi. Hörður bar við yfirheyrslu hjá fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík að hafa síðastliðna tvo daga keypt alls 160 til 170 grömm af hassi af Gunnari Lunddal Friðrikssyni.

Gunnar Lunddal Friðriksson var handtekinn í morgun og yfirheyrður í framhaldi þar af og neitaði þá öllu fíkniefnamisferli. Gerð var húsleit á heimili Gunnars eftir úrskurði, uppkveðnum hér við embætti í morgun, og fundust við þá húsleit 211.1 gr af hassi. Þá fundust hassreykingarpipur og

fjármunir. Þá fundust efni og áhöld, er benda til misferlis með önnur fikni-efni en hass.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi viðurkenndi Gunnar Lunddal að hafa um mánaðamót ágúst/sept. sl. keypt í Amsterdam um 340 grömm af hassi. Kvaðst mætti (sic) Gunnar hafa geymt efnið á heimili sínu, síðan hann kom úr framangreindri ferð, eða í um 3½ mánuð, og loks í gærdag hafa selt Herði Gunnari Ingólfssyni 100 grömm af efninu og hafa notað sjálfur 20 — 30 grömm. Gunnar neitaði frekari sölu eða afhendingum á hassefnum.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka meint brot Gunnars Lunddal Friðrikssonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974. Getur meint sök Gunnars, ef sönnuð þætti, varðað hann fengelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar málsins.

Rannsókn málsins er á frumstigi og á eftir að yfirheyra hugsanleg vitni og/eða samseka. Gunnar Lunddal hefur margsinnis komið við sögu við rannsókn fikniefnamála, og er m. a. vegna þess mjög ósennilegt, að hann hafi geymt fikniefni á heimili sínu á fjórða mánuð án þess að reyna sölu þeirra. Munir og áhöld, er fundust á heimili hans við húsleit, benda og til frekari fikniefnamisferlis.

Með vísan til alls framanritaðs svo og með vísan til gagna málsins og jafnframt með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir Gunnari Lunddal Friðrikssyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt að 21 degi frá því kl. 1315 í dag að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gunnar Lunddal Friðriksson, fæddur 6. apríl 1958, til heimilis að Breiðagerði 13 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 21 degi frá því kl. 1315 miðvikudaginn 21. desember 1983 að telja.